

## **73. Stjórnarfundur Hverfisnefndar Oddeyrar 19. febrúar 2019**

**Mættir eru: Halldóra Konráðsdóttir, Jón Einar Jóhannsson, Berglind Ósk Óðinsdóttir, Ómar Valur Steindórsson og undirritaður.**

1. Skipulag umferðar rætt. Umferð bæði þung og hröð um Norðurgötu, hugmynd kom fram um hugsanlega einstefnu (skiptar skoðanir innan nefndar) auk þess sem þrengingar og hraðhindranir væru góð lausn. Nefnd telur auk þess hringtorg á horni Hvannavalla og Tryggvabrautar mjög góða lausn, auk þess vert væri að skoða þann möguleika að opna fyrir umferð út á Glerárgötu til vesturs út af Eyrarvegi. Jafnvel að hafa Eyrarveg einstefnu til vesturs milli Norðurgötu og Glerárgötu.
2. Hverfisnefnd vill koma á framfæri hrósi vegna snjómoksturs það sem af er vetri. Eru duglegir að hreinsa gönguleiðir sem og að keyra snjóinn í burtu.
3. Rætt var um framtíðarskipulag á Hvannavallareit. Ekki vitað hver staðan er á þeim reit, er Krónuver slun að rísa eða blönduð byggð í nánustu framtíð ?
4. Berglind Ósk Óðinsdóttir valin formaður Hverfisnefndar (sjálfkjörin)
5. Rætt um hvenær lokið verði við að ljósleiðaravæða Eyrina. Vitað að ljósleiðari er kominn í göturnar við Oddeyrarskóla.
6. Þá er ljóst, að þörf er á endurnýjum rafmagns á Eyrinni. Hverfið býr við tvöfalt eins fasa kerfi (2x110 volt) en þyrfti að vera tveggja fasa (1x220 volt). Veldur styttri endingartíma á raftækjum og ljóst að núverandi fyrirkomulag myndi ekki anna miklum fjölda rafmagnsbíla. Þá er brýn þörf á áframhaldandi endurnýjun ljósastaura, eru sums staðar að ryðga í sundur. Hafa verið endurnýjaðir t.d. við Eiðsvallagötu og er það vel.

Á kaffihúsinu Símsstöðinni, Hafnarstræti 102,  
20. febrúar 2019

Arnór Bliki Hallmundsson, ritari stjórnar Hverfisnefndar Oddeyrar.